

Reglugerð um bikarkeppni einstaklinga Sjóvá mótið

1. grein

Kept er samkvæmt almennum keppnisreglum KLÍ (byggðum á almennum keppnisreglum FIQ/WTBA).

2. grein

Mótið er opið og þátttaka er öllum heimil og skal haldið árlega. Kept skal bæði í karla- og kvennaflokki.

3. grein

Auglýsa skal mótið að lágmarki 2 vikum fyrir fyrstu umferð. Allir leikdagar skulu liggja fyrir þegar auglýst er.

4. grein

Mótið er spilað með útsláttarfyrirkomulagi þar sem tveir og tveir spila saman og telst sá sigurvegari sem nær herra heildar skori í þremur leikjum. Verði keppendur jafnir skulu þeir spila 9. og 10. ramma uns úrslit fást. Draga skal um hverjir mætast. Ef um yfirsetu er að ræða í fyrstu umferð vegna fjölda þátttakenda skulu sigurvegarar síðasta árs ávallt sitja hjá.

5. grein

Ef keppandi mætir ekki til leiks telst mótherjinn sigurvegari. Ef hvorugur keppenda mætir í leik skulu báðir falla úr keppni. Ekki er hægt að vinna leik án þess að spila hann, nema um yfirsetu sé að ræða. Verði um yfirsetu að ræða vegna brottfalls tveggja keppenda sem ekki mættu mun útdráttur næstu umferðar ráða hvaða keppandi/keppendur sitja yfir.

7. grein

Ekki skal leika nema einn á hverri braut. Upphitun fyrir leik er samkvæmt 24 gr. Reglugerðar KLÍ um keilumót.

8. grein

Sigurvegarar fá titilinn “**Bikarmeistari Sjóvá**”.